

5. fundur Framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 26. ágúst 2020 -kl. 15:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Matthías Páll Imsland, formaður

Helga Ingólfssdóttir

Stefán Már Gunnlaugsson

Atli Már Ingólfsson

Halldóra Einarsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Geir Bjarnason

Íþrótt- og tómstundarfulltrúi

Rósa Steingrímsdóttir

Sviðsstjóri fjármálasviðs

Á fundinn mætti einnig Örn Guðmundsson frá VSB, verkfræðistofu Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Fundargerð.

Lögð fram fjórða fundargerð og hún samþykkt.

2. Útboðsgögn hönnunar- drög.

Lögð fram drög að útboðsgögnum vegna hönnunar og farið yfir þau. Það sem kom fram á fundinum er eftirfarandi:

- Tímalína verkefnis, vilji til að stytta tímunn, flýta undirbúningi útboðs verkefnis.
- Sprettur gögn, Halldóra bendir á að ýmis atriði þaðan hafi ekki ratað inn í gögnin. Verður skoðað.
- Dómarapallur verði fyrir miðju húsi og með útsýni út á reiðvöll utanhúss og inn í salinn.
- Mörk hönnunar, miða við 5 m svæði út frá byggingum.
- Vökvunarkerfi, bent á kerfi hjá Sprett sem virkar vel, verður skoðað og sett inn í gögnin.
- Þrískipting salar. Útfærsla/óskir þarf að skoða og setja inn í gögnin.
- Uppfærð drög verða send á starfshópinn og fær starfshópurinn tvo daga til að koma með athugasemdir við útboðsgögn hönnunar.

-

Næsti fundur

- Verður miðvikudaginn 2. september kl. 15:00, uppfærð gögn verða send út fyrir þann fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:00